

Góðir gestir, ráðherra, afmælisbarnið Ómar Ragnarsson

Mig langar til að þakka ráðuneytinu af heilum hug fyrir þessa virðulegu viðurkenningu - Náttúruverndarviðurkenningu Sigríðar í Brattholti. Hún hlýtur að tákna að ég hef gert eitthvað rétt í lífinu, þar sem náttúruvernd hefur lengi verið mér ofarlega í huga og ég hef eitt stórum hluta ævinnar úti í náttúrunni við ýmislegt bardús, náttúran hefur verið ævistarf mitt.

Baráttan fyrir náttúrunni, í mínu tilviki fugla og búsvæða þeirra, tekur aldrei enda. Það eru alltaf einhverjir sem sjá hag sinn í að maka krókinn með því að ganga á náttúruna. Auður okkar liggur í náttúrunni, hún er afkomenda okkar og því er afskaplega vandfarinn hinn gullni meðalvegur milli nýtingar og verndar.

Ég sat í stjórn Fuglaverndar eða Fuglaverndarfélags Íslands hálfra ævina eða í alls 35 ár og þar af var ég formaður í 20. Svo það er ljóst hvar hjarta mitt slær. Ýmsir sigrar unnust á þessum árum, eins og baráttan um endurheimt votlendis, en framræsla votlendis var ríkisstyrkt í áratugi. Mesta kolefnislosun landsins er úr framræstum mýrum, en það var lítið farið að tala um hnattræna hlýnun þegar Fuglavernd hóf þessa vegferð. En betur má ef duga skal, enn er meira ræst fram árlega heldur en endurheimt og meira að segja er töluvert ræst fram í þágu skógræktar í nafni kolefnisbindingar!!!

Nú eru loftslagsbreytingar ein hin stærsta ógn við lífríkið hér á norðurslóðum og reyndar um alla jörðina. Helst hafa það verið sjófuglar, sem súrnun sjávar og hlýnun loftslags hefur haft áhrif á. Allt að 80% fækkun stuttnefju er sorglegt dæmi, en öllum sjófuglum hefur fækkað nema súlu. Nú þarf ráðuneytið að stöðva sölu á sjófuglum og reyndar allri villibráð, sölubann á rjúpu hefur haft góð áhrif á rjúpnastofninn, þó hann sveiflist enn. Og í framhaldi að því er eðlilegt að nefna villidýralögin, sem eru þrítug í ár!!! og löngu komin tími á endurskoðun. Breytingar í lífríkinu, sem og menningu þjóðarinnar og þá er ég að hugsa um hlunnindi eins og eggja- og fuglatöku, eru orðin óþörf í nútímaþjóðfélagi - og hafa fyrir löngu gert lögin úrelt.

Mörgum brá í brún þegar það fréttist að lyngmóar í S-Þingeyjarsýslu hefðu verið tættir upp vegna skógræktaráforma ... og það á varptíma fugla! Við berum ábyrgð á stórum mófuglastofnum: nefna má heiðlóu (52% af heimsstofni verpa hér), sandlóu (32%), spóa (40%), lóupræl (16%), sendling (46%) og stelk (19%). Íslenski jaðrakaninn er

sérstök undirtegund, sem ef til vill verður gerður að tegund innan skamms. Rjúpa, kjói, fálki, þúfutittlingur og steindepill eru og fuglar, sem sækja mest í opið land til varps eða fæðuöflunar, steindepill hreinlega forðast gróður á sínum varpslóðum. Þessir fuglar verpa flestir neðan 300 m, þar sem skógræktaráformin eru stærst. Aukið flatarmál skóga bitnar á mófuglum, jafnvel tegundum sem við berum alþjóðlega ábyrgð á og erum við væntanlega að brjóta samninga sem við höfum undirritað með þessum skógræktaráformum. Þeir fuglar sem nema land í skógunum eru allt algengir varpfuglar í skógum Evrópu. Fyrrum umhverfissráðherra og reyndar sá fyrsti, Júlíus Sólnes, sagði í útvarpsþætti fyrir stuttu að miklu nær væri að setja fé í skógrækt í hitabeltinu, það bindi miklum mun meira kolefni en skógrækt hér á norðurhvara.

Fræðsla og þekkingarmiðlun til almennings er eitt besta vopnið í baráttunni og þar hef ég reynt að leggja mitt af mörkum. Flestir þekkja Fuglavísinn og afkvæmi hans, Fuglavefinn. Nú er fjörubók í smíðum, en engin fjöruvísir hefur komið út í nær 40 ár. Og svo fjöldamargt annað sem ég hef skrifað og skreitt með ljósmyndum mínum af fuglum og íslenskri náttúru.

Sigríður í Brattholti var á undan sinni samtíð þegar hún vildi vernda Gullfoss gegn virkjunum og hótaði hún m.a. að henda sér í fossinn, ef það yrði hróflað við honum. Ég hef nú ekki náð svo langt að hóta slíku, en það hefur svo sem hvarflað að mér, því nú stendur til að virkja eina foss okkar Flóamanna, sem nær því að vera hærri en 70 cm. Flatneskjan í Flóanum býður ekki uppá mikil vatnsföll, en þó eigum við vatnsmesta foss landsins, Urriðafoss í Þjórsá og yrði mikil eftirsjá af honum. Þó orkan okkar sé endurnýtanleg, þarf hún ekki endilega að vera græn, ekki þegar náttúrunni er spillt í stórum stíl til að virkja ... hvort sem eru vatnsföll, jarðhiti eða vindurinn.

Ég vil að lokum ítreka þakklæti mitt fyrir þessa uppörvandi viðurkenningu. Takk!

Og utan dagskrár fannst mér viðeigandi að myndin á tilkynningu ráðuneytisins er af Bjarnarey, en ég hef dvalið ófár vikur og mánuði í úteyjum Vestmannaeyja við rannsóknir á sjófuglum, aðallega sæsvölum og skrofu, sem og við ljósmyndun.